

id kom til firmans Kjartan & Jón, fór ákærður sjálfur með það til Ingimars Bjarnasonar, að því er virðist, í því skyni, að fá innskrifaðar umræddar 250 kr. í reikning Árna við firmað en efri hluti símskeytisins var rifinn af svo eigi sást hvaðan það var sent. Skýrsla ákærðs hjer að lútandi verður því eigi til greina tekin.

Eftir þessu verður að líta svo á, að ákærður hafi samið umrætt símskeyti og notað það á hegningarverðan hátt.

Ákærður er fæddur 15. október 1899 og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegning fyrir neitt lagabrot. Brot hans ber að heimfæra undir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 og með tilliti til þess, að ekkert tjón leiddi af brotinu og að eigi er upplýst að ákærður hafi neitt sem teljandi er, nema þá óbeinlínis, átt að hagnast á broti þessu, þykir hegning hans hæfilega metin 4—5 daga vatn og brauð; svo greiði hann og allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða verjanda 20 kr.

Mánudaginn 17. nóv. 1924.

Nr. 28/1924.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Jóhanni J. Eyfirðing & Co.

(Lárus Jóhannesson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fúgetarjettar Ísafjarðarsýslu
31. mars 1924: Umbedið lögtak verður eigi framkvæmt.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða úrskurði er það viðurkent að stefndi, firmað Jóhann J. Eyfirðingur & Co., sem rekur útgerð og verslun á Ísafirði, hefir leigt lóð á svonefndu Skeiði í Eyrar-

hreppi í Ísafjarðarsýslu, látið gjöra þar fiskreiti, reist hús á lóðinni og látið verka þar fisk, það er þvo hann úr salti og þurka yfir sumarmánuðina maí til september, að firmað verkaði sumarið 1923 þar 2—3000 skpd. af saltfiski, er firmað sumpart aflaði á báta, er það gerði út á Ísafirði og sumpart hafði keypt í öðrum veiðistöðvum, hafði marga menn daglega í vinnu og fastan umsjónarmann eða verkstjóra.

Á þessa starfsemi stefnda lagði hreppsnefnd Eyrarhrepps, haustið 1923, 1900 kr. aukaútsvar, og er stefndi taldi sjer eigi skylt að greiða útsvarið, krafðist hreppsnefndin þess, að það yrði tekið lög-taki, en með úrskurði uppkveðnum 31. mars þ. á. neitaði fógétinn að framkvæma lögtakið.

Þótt umrædd fiskverkun sje einn þáttur í at-vinnurekstri stefnda, er hún engu að síður fyrirtæki rekið í atvinnuskyni í Eyrarhreppi, og verður því að teljast útsvarsskyld þar, samkvæmt 1. gr. í lög-um nr. 29, 19. júlí 1922.

Það verður því að fella hinn áfrýjaða lögtaks-úrskurð úr gildi og skylda fógétann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur og ber fógétanum að framkvæma lögtakið.

Stefndi Jóhann J. Eyfirðingur & Co. greiði áfrýjanda hreppsnefnd Eyrarhrepps 200 kr. í máls-kostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í október f. á. lagði hreppsnefnd Eyrarhrepps 1900 kr. aukaútsvar á firmað Jóhann J. Eyfirdingur & Co., á atvinnurekstur þess og verslun á svonefndu Skeiði í Eyrarhreppi fyrir fardagaárið 1923—24. En með því að gjörðarþoli neitaði gagnert að hann væri útsvarsskyldur í Eyrarhreppi hefir gjörðarbeiðandi krafist lögtaks á útsvarinu.

Gjörðarþoli, er á lögheimili á Ísafirði og rekur þar útgerð og verslun, byggir neitun sína að greiða umgetið útsvar, á lögum nr. 29, 1922 1. gr. 5. málsg., er banni að leggja útsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra og enn fremur á því, að atvinna hans á Skeiði sje eigi arðsamt fyrirtæki. En um það er enginn ágreiningur í málinu að gjörðarþoli greiði útsvar á Ísafirði.

Það er viðurkennt í málinu að gjörðarþoli hefir leigt lóð af bændunum á Hafrafelli í Skutulsfirði, á svonefndu Skeiði í Eyrarhreppi, að hann hefir látið gera fiskreiti, reisa hús og látið verka þar fisk þ. e. þvo hann úr salti og þurka yfir sumarmánuðina maí til september, að hann síðastliðið ár verkaði á þennan hátt 2—3000 skpd. af saltfiski, hafði marga menn daglega í vinnu og stöðugan fastan umsjónarmann með þessari starfsemi.

Enn fremur hafa 4 bændur í Eyrarhreppi í nágrenni við umrædda verkunarstöð gjörðarþola vottað undir eiðstilboð, að vjelbátar gjörðarþola hafi við og við að minsta kosti, farið með fisk sinn af hafinu inn á Skeið og lagt hann þar upp til verkunar, að gjörðarþoli hafi við og við látið flytja fiskinn af Skeiðinu út í skip til útflutnings og gjörðarþoli hafi selt og haft á boðstólum ýmsar vörur í húsi sínu á Skeiði án þess að þær væru pantaðar áður frá Ísafirði, og hafa þeir lagt fram marga endurritsreikninga af viðskiftum þessum, er allir hafa það sameiginlegt, að nafnstimpill gjörðarþola stendur eigi á þeim.

En gjörðarþoli hefir eindregið mótmælt vottorðum þessum sem röngum og þaræð vottorðsgefendum hefir eigi gefist kostur á að staðfesta þau fyrir rjetti, verður eigi á þeim byggt að svo komnu.

Gjörðarþoli lýsir starfsemi sinni á Skeiði á leið, að vegna skorts á þurkunarstöðum á Ísafirði hafi hann leigt umgetinn stað, þvegið þar og þurkað þann fisk, er hann aflaði og keypti. Að tilhögunin hafi verið sú, að vjelbátar gjörðarþola hafi lagt fisk-

inn upp á Ísafirði. Fiskurinn því næst fluttur inn á Skeið, ýmist þveginn eða óþveginn til þurkunar og síðan fluttur aftur til Ísafjarðar. Jafnhliða útgerðinni hefir gjörðarþoli verslun á Ísafirði með nauðsynjavörur er að útgerð láta og matvöru. Hafi hann látið viðskiftamönnum sínum og verkafólki þær vörur í tje, en öll sú verslun farið fram á Ísafirði á þann hátt, að umsjónarmaður gjörðarþola á Skeiði hafi ávalt annast um að panta þær. Hafi það þó stundum komið fyrir að fólk fór úr vinnunni áður það fengi vörurnar og þær þá legið í pakkhúsinu. Þegar svo nágrannarnir komu og sáu vörurnar hafi þeir beðið umsjónarmanninn að láta þá fá þær og hann þá gert það örfáum sinnum. Þá heldur gjörðarþoli því fram, að fiskur af vjelarbátum hans hafi jafnan verið lagður upp á Ísafirði fyrst. Einungis tvisvar sinnum hafi það komið fyrir að fiskurinn væri eigi allur tekinn upp úr bátunum, þaræð þá við skoðun hans hafi komið í ljós, að hann var fullsaltaður, útbúinn til útvöskunar og hafi bátarnir þá verið látnir flytja hann inn á Skeið.

Gjörðarþoli fullyrðir einnig að enginn uggi af þurrum fiski hafi verið útfluttur frá Skeiði heldur hafi gjörðarþoli selt allan sinn fisk á Ísafirði og útflutt þaðan. En gjörðarþoli hafi selt „smáparti“ af labradorverkuðum fiski og ýsu og skipið sem fiskinn átti að taka komið áður en gjörðarþoli hafði flutt fiskinn til Ísafjarðar. Hafi hann þá gegn þóknun fengið leyfi fiskkaupanda til að láta fiskinn um borð í skipið út á Polli um leið og hann var fluttur frá Skeiði.

Með skírskotun til þess að á fyrnefndum vottorðum verður eigi byggt, hefir gjörðarbeiðandi eigi hnekt framangreindri skýrslu í verulegum atriðum. Þau vöruviðskifti er gjörðarþoli hefir átt á Skeiði eru eigi þannig vaxin eins og málið nú liggur fyrir, að þau verði talin verslun, enda hefir eigi verið kvartað yfir ólöglegri verslun í þessu tilliti af hendi gjörðarþola. Heldur eigi virðist það nægilega sannað að vjelarbátar gjörðarþola hafi notað Skeiðið sem útgerðarstöð, eða að gjörðarþoli hafi útskipað fiski til útflutnings frá Skeiði nema í ofangreindu tilfelli, er frekar staðfestir aðalregluna, að fiskur hafi annars verið útfluttur frá Ísafirði.

Að vísu er nú hjer eigi um útveg að ræða er heyri undir 1. gr. 5. málsg. l. nr. 29, 1922. En rjetturinn lítur svo á, að framangreind starfsemi gjörðarþola á Skeiði sje liður í útgerð hans á Ísafirði og geti eigi út af fyrir sig talist arðsöm atvinna.

eða lóðarafnot, er arð gefi. Var því eigi heimilt að jafna umræddu aukaútsvari á gjörðarþola sbr. l. nr. 29, 1922, 1. gr. 2. og 4. mgr.

Föstudaginn 21. nóv. 1924.

Nr. 15/1924.

Hans R. Þórðarson

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Jóhannesi Kr. Jóhannessyni

(Pjetur Magnússon).

Spurning um rjett áfrýjanda til að rifta verksamningi.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 8. mars 1924:
Stefndur, Hans Þórðarson, greiði stefnandanum, Jóhannesi Kr. Jóhannessyni, kr. 1005,43 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1923 til greiðsludags, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu, sem lauk í hjerði á þá leið, að kröfur stefnda um umsamið verkkaup, borgun fyrir aukavinnu og framlagt efni voru teknar til greina, að sleptri lítilfjörlegri lækkun á síðasta liðnum, hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar og krafist algerðrar sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, en stefndi, sem fengið hefir gjafvörn og sjer skipaðan málfutningsmann, krefst staðfestingar á hjerðs-dóminum og málskostnaðar hjer í rjetti.

Aðilja greinir aðallega á um það, hvort áfrýjandi hafi vísað stefnda frá fyrirfram umsömdu verki án lögmætra ástæðna. Heldur áfrýjandi því fram, að verk stefnda hafi yfirleitt verið svo illa af hendi leyst og sjerstaklega einn liður þess, strigalagningin,